



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Menningar- og ferðamálasvið

Tjarnarbíó

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Menningar- og ferðamálasvið

Tjarnarbíó

Formáli

Húsið Tjarnarbíó er rúmlega aldar gamalt, reist árið 1913. Í því hefur farið fram margvísleg starfsemi. Það var í upphafi íshús, en frá því á árum síðari heimsstyrjaldarinnar hefur það öðru fremur verið nýtt sem kvikmyndahús og leikhús.

Tjarnarbíó var opnað með pompi og prakt árið 2010 eftir breytingar. Upphaflega var gert ráð fyrir því að Sjálfstæðu leikhúsin borguðu Reykjavíkurborg leigu og fjármögnuðu reksturinn að mestu með tónleika-, ráðstefnuhaldi og útleigu fyrir veislur og aðra viðburði. Leikhópar áttu einnig að borga leigu fyrir að æfa og sýna í húsinu. Fljótlega varð þó ljóst að það myndi ekki ganga upp. Annars vegar vegna hljóðvistarvandamála, en tveir fyrstu tónleikarnir eftir opnun voru með hljómsveitunum Ghostigital og Skálmöld og nötruðu nærliggjandi íbúðir, enda Tjarnarbíó í íbúðabyggð sambyggt íbúðum á báðar hendur. Hins vegar varð strax ljóst að fæstir leikhópar réðu við að greiða uppsetta leigu. Húsinu var því lokað og hafist handa við að reyna að bæta hljóðvist hússins svo það truflaði ekki nágranna. Fyrstu árin eftir opnun gengu því brösulega á draumaheimili sjálfstæðu senunnar.

Árið 2013 tókst loks að ganga frá nýjum 3 ára samningi milli Reykjavíkurborgar og Sjálfstæðu leikhúsanna. Leigan var felld niður og Reykjavíkurborg lagði til 10 milljónir á ári til reksturs á húsinu. Þá loks sprakk starfsemin út. Nýtt fólk var ráðið til starfa og hafist handa við rífa starfsemina upp. Leikárið 2013-2014 voru um 170 viðburðir í húsinu og 6 ný sviðsverk frumsýnd. Leikárið 2014-2015 voru um 200 viðburðir í húsinu og 22 ný sviðsverk frumsýnd. Sumarið 2015 var ráðist í síðasta hluta endurbóta á húsinu. Gömlu svalirnar voru teknar og ein samfelld áhorfendabrekka með 180 sætum þar sem allir sjá vel, tekin í notkun. Þá var klárað að tæknivæða húsið svo nú þykir það sambærilegt bestu leikhúsum Evrópu af sömu stærðargráðu. Leikárið 2015-2016 stefnir í svipaðan fjölda viðburða og um 30 frumsýningar á nýjum sviðsverkum. Meðvitund almennings um Tjarnarbíó og sjálfstæðu senuna er að aukast og ekki annað að sjá en að framtíð Tjarnarbíós sé björt.

Heimild: <http://tjarnarbio.is/tjarnarbio/saga/>

Afhending: Skrifstofa menningarmála, Signý Pálsdóttir í ágúst 2016

Innihald: Fundargerðir, bréf er varðar endurgerð Tjarnarbíós, samningar o.fl.

Tími: 2006-2011

Magn: 1 askja

Skjalaskrá

Bréfa- og málafn

Askja 1

Fundargerðir 2007-2011

Örk 1

Minnisblað vegna fundar, Tjarnarbíó og Sjálfstæðu leikhúsin, 11. september 2007.
Erindisbréf fyrir verkefnastjórn um endurbætur Tjarnarbíós og nýbyggingu, janúar 2008.
Fundargerðir - Verkefnastjórnun um endurbætur Tjarnarbíós og nýbyggingu.
1. fundur 23. janúar 2008 til 33. fundar 4. maí 2011, ásamt fylgiskjöllum.

Bréfa- og málafn 2006-2017

Örk 2

Bréf, tölvupóstur, minnisblöð, fylgiskjöl, teikningar af Tjarnarbíói o.fl. varðandi endurbyggingu Tjarnarbíós 2006-2011.
Tjarnarbíó - endurgerð. Áfangaskýrsla apríl 2009.

Örk 3

Samningar, drög að samningum, minnisblöð, kostnaðaráætlanir o.fl. vegna Tjarnarbíós 2008-2010.

Útboðslýsing 2005, Tjarnarbíó - leikhússtólar og færanlegir sætapallar - útboðslýsing 2010.
Teikningar af Tjarnarbíói 2008.

Rekstraráætlun Tjarnarbæjar í júlí 2009 fyrir Sjálfstæðu leikhúsin, Sjálfstæðu leikhúsin - framtíðarsýn 2003-2010.

Dagskrá Tjarnarbíós 2016-2017.

Skráð í október 2016,
Jakobína Sveinsdóttir